

## G J A L D S K R Á

### fyrir Keflavíkurlflugvöll.

#### 1. Lendingargjöld.

Fyrir hverja lendingu skal greiða lendingargjöld kr. 56.65 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 28.31 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 94.40.

#### 2. Stæðis- og festargjöld.

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld, sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m .....	kr. 94.37
12—18 m .....	— 189.98
18—24 m .....	— 283.90
24—30 m .....	— 377.50
Yfir 30 m .....	— 425.43

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem umfram er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum.

#### 3. Gjald af flugvélabenzíni.

Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvöllinum eða frá honum, skal greiða flugvöllinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlítra .....	kr. 0.8514
Á hvert. U. S. gallon .....	— 3.208

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 27. nóvember 1967.

*Utánríkisráðuneytið, 13. nóvember 1968.*

**Emil Jónsson.**

Páll Ásg. Tryggvason.